

AUGLÝSING

224

31. des.

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina, með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr. gjaldskrárinnar falli burt og breytast greinatölur og tilvitnanir í samræmi við það.

Ný grein, er verði 12. gr.:

Gjaldskrá þessi gildi frá álestursdegi í janúar 1952.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 257 23. nóv. 1950, um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. desember 1943. í

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

225

31. des.

um lokun sölubúða á Bíldudal.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. október skulu sölubúðir vera opnar frá kl. 9 árdegis til 18 síðdegis alla virka daga nema laugardaga, en þá frá kl. 9 árdegis til kl. 13 síðdegis.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. maí skulu sölubúðir vera opnar frá kl. 9 árdegis til kl. 18 síðdegis alla virka daga nema laugardaga, en þá frá kl. 9 árdegis til kl. 16 síðdegis.

3. gr.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 síðdegis.

4. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 22 síðdegis.

5. gr.

Ofangreindar reglur gilda um hvers konar sölustaði, svo og um afhendingu á vörum úr geymslum, en undanskilin ofangreindum ákvæðum er afhending neytlumjólkur, svo og afgreiðsla vöruskipa.

225

6. gr.

31. des.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sveitarsjóð Suðurfjarðahrepps. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

226

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1950.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1200.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 7097.14		
			kr. 8297.14
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 60.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 249.95		
			— 309.95
			Kr. 8607.09

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1200.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 7407.09		
			kr. 8607.09
			Kr. 8607.09

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1951.

F. h. b.

Sveinn Víkingur.

227

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1950.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2000.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 3233.31		
			kr. 5233.31
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 75.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 150.14		
			— 225.14
			Kr. 5458.45